



LEB

Landssamband eldri borgara

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059;

Fax: +3545515835

Símar: +3545677111/ +3548599711

Netfang: leb@leb.is

Heimasíða: www.leb.is

**Nefndasvið Alþingis, Velferðarnefnd.
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari.**

***Alþingi
Erindi nr. P 142/132
komudagur 30.6.2013***

Umsögn Landssambands eldri borgara um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingum þskj.40 - 25. mál á 142. Löggjafarþingi.

Landssamband eldri borgara hefur á stjórnarfundum 26. júní 2013 sent frá sér yfirlýsingu vegna þess frumvarps sem hér um ræðir og fylgir hún hér með svohljóðandi:

„Landssamband eldri borgara fagnar frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem ráðherra lagði fram á Alþingi 25. júní sl. Landssambandið skorar á alþingismenn að samþykkja frumvarpið þannig að aðstefndar kjarabætur aldraðra gangi í gildi 1. júlí og minnir á að um 36.000 Íslendingar eru 67 ára og eldri og hefur þessi hópur enga lögvarða samningsstöðu um kjör sín og réttindi.

Í frumvarpinu eru stigið mikilvægt fyrsta skref í þá átt að bæta kjör aldraðra og draga að fullu til baka þær skerðingar sem lögfestar voru árið 2009, eins og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn lofuðu á aðdraganda kosninga til Alþingis 27. apríl sl.

Ákvæði frumvarpsins um að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækki úr 480.000 kr. í 1.315.200 kr. á ári, hvetur aldraða til aukinnar þátttöku og virkni í atvinnulífinu og eykur möguleika þeirra á að bæta kjör sín. Ákvæði frumvarpsins um að lífeyrissjóðstekjur skerði ekki grunnlífeyri almannatrygginga mun bæta kjör fjölmargra aldraðra. Sambærileg áhrif mun hafa framkvæmd fyrirheits sem gefið er í greinargerð frumvarpsins um að lagaákvæði frá 2009 um hækkun hlutfalls tekjutengingar tekjutryggingar úr 38,35% í 45%, verði ekki framlengt er ákvæðið fellur úr gildi í árslok 2013.

Landssamband eldri borgara leggur áherslu á að haldið verði áfram vinnu í þágu aldraðra við einföldun og umbætur á almannatryggingakerfinu þar sem



LEB

Landssamband eldri borgara

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059;

Fax: +3545515835

Símar: +3545677111/ +3548599711

Netfang: leb@leb.is

Heimasíða: www.leb.is

m.a. verði byggt á vinnu hóps sem starfaði á síðasta kjörtímabili og náði þverpólítískri sátt um tillögur um eftirlaun aldraðra. Sá starfshópur var skipaður fulltrúum frá öllum þingflokkum, aðilum vinnumarkaðarins og helstu hagsmunaaðilum.“

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu viljum við ítreka að jafnhliða því að draga til baka skerðingar á kjörum eldri borgara frá árinu 2009 sem samanlagt hafa numið 16-17 milljörðum króna á yfirstandandi ári, verði unnið að því að hækka bætur almannatrygginga til samræmis við hækkun launa í landinu. Með þessu frumvarpi eru bætt kjör um 7000 lífeyrisþega sem tölur benda til að hafi tekið á sig verulegan hluta af þessum umtöluðu skerðingum. Við minnum jafnframt á að bætur almannatrygginga hækkuðu ekki á s.l. fjórum árum til samræmis við hækkun verðlags eða samkvæmt vísitölu neysluverðs, í samræmi við 69 gr. almannatryggingalaga. Lífeyrisþegar eiga því enn inni talsverða hækkun sem aðrir láglaunahópar hafa fengið. Við leggjum einnig áherslu á að það fyrirheit sem gefið er í athugasemdum með frumvarpinu um að hlutfall tekjutengingar tekjutryggingar lækki úr 45% í 38,35% komi til framkvæmda um næstu áramót.

Reykjavík 30. júní 2013

F.h. stjórnar Landssambands eldri borgara.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB